

**Nd.**

**144. Frumvarp til laga**

**[89. mál]**

um viðauka við lög nr. 75/1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á eftir 55. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:  
Stimpilgjald skal innheimt í heilum krónum, en aurum sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1954.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Bankarnir og fleiri stofnanir eru að taka í notkun vélar til þess að stimpla skjöl í stað þess að líma á þau stimpilmerki, svo sem nú tíðkast. Er þetta gert með samþykki ráðuneytisins og samkv. heimild í 11. gr. laga nr. 75/1921.

Þar eð vélar þær, sem hér um ræðir, stimpla fjárhæðir aðeins í heilum krónum, er með frumvarpi þessu lagt til, að stimpilgjald verði framvegis innheimt í heilum krónum, en aurum sleppt.